



Fundargerð

Ritari	Jón Baldur Lorange	Dagsetning	25.11.2025
Staðsetning	Teams, fjarfundur	Tími	11:00 – 12:04
Þátttakendur	Gunnar K. Guðmundsson, formaður, Kjartan Dige Baldursson og Jón Baldur Lorange (JBL), sem ritaði fundargerð. Jóhanna Ösp tilkynnti forföll.	Málsnúmer	MAR25030003

121. stjórnarfundur Fiskeldissjóðs

1. Áframhaldandi umræða um **ný skilyrði og valmódel umsókna**. Kjartan sendir drög fyrir næsta fund.
2. **Erindi frá Vesturbyggð** dags. 16.11.2025. Stjórnin leggur áherslu á að um kynningarfundir var að ræða við sveitarfélög, sem eiga rétt á að sækja um styrki í Fiskeldissjóð, til að gefa þeim tækifæri á að koma með ábendingar um skilyrði fyrir styrkveitingum og valmódel, og fá umræðu um sjóðinn. Í ljósi þeirra ábendinga og umræðu sem kom fram á kynningarfundunum með öllum sjö sveitarfélögunum hefur stjórnin lagt til gagnngerar breytingar á skilyrðum og valmódeli. Þessi nýju skilyrði verða kynnt á heimasíðu sjóðsins áður en opnað verður fyrir umsóknarárið 2026.
3. **Staða verkefna.**
 - a. Ísafjarðarbær sendi beiðni um að heyra í starfsmönnum Fiskeldissjóðs til að ræða um framgang verkefnisins: Torfunes upphitun aðalvallar. JBL fær nánari upplýsingar frá Ísafjarðarbæ.
 - b. Fjarðabyggð: Lokaskýrsla um verkefnið: Fráveita á Breiðdalsvík. Lokaskýrsla samþykkt af stjórn.
 - c. Fjarðabyggð: Lokaskýrsla um verkefnið: Fjarðabyggðarhöllin. Veittur var styrkur vegna viðgerða á þaki og nýrrar lýsingar í loft Fjarðabyggðarhallarinnar. Kalla þarf eftir frekari upplýsingum frá Fjarðabyggð.
4. Stjórnin samþykkti að halda samstarfi við Inga K. Sigmarsson áfram varðandi gerð árskýrslu Fiskeldissjóðs 2025 og mun JBL hafa samband við Inga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:04.

/samþykkt 15.12.2025